

## **Þekking á Alzheimers sjúkdómnum (ÞAS)**

*Höfundar: Carpenter, B.D., Balsis, S., Otilingam, P.G., Hanson, P.K., og Gatz, M. (2009)*

Hér fyrir neðan eru nokkrar fullyrðingar um Alzheimers sjúkdóminn. Vinsamlega lestu hverja fullyrðingu vandlega og gerðu hring eftir því hvort þú telur að fullyrðingin sé rétt eða röng. Giskaðu á rétta svarið ef þú ert ekki viss. Það er mikilvægt að gera hring utan um svar fyrir hverja fullyrðingu, jafnvel þótt þú sért ekki fullkomlega viss um svarið.

- |      |       |     |  |
|------|-------|-----|--|
| Rétt | Rangt | 1.  | Fólki með Alzheimers sjúkdóm er sérstaklega hætt við þunglyndi.  |
| Rétt | Rangt | 2.  | Það er vísindalega sannað að hugarleikfimi getur komið í veg fyrir að einstaklingur fái Alzheimers sjúkdóm.  |
| Rétt | Rangt | 3.  | Eftir að einkenni Alzheimers sjúkdómsins koma í ljós eru meðal lífslíkur 6 til 12 ár.  |
| Rétt | Rangt | 4.  | Þegar einstaklingur með Alzheimers sjúkdóm verður órólegur gæti lækni skoðun leitt í ljós önnur heilsufarsvandamál sem öllu óróleikanum.                     |
| Rétt | Rangt | 5.  | Fólki með Alzheimers sjúkdóm gengur best ef fyrirmæli eru einföld og gefin stig af stigi.  |
| Rétt | Rangt | 6.  | Þegar fólk með Alzheimers sjúkdóm fer að eiga í erfiðleikum með að annast um sig sjálft ættu umönnunaraðilar að taka strax yfir.                             |
| Rétt | Rangt | 7.  | Ef einstaklingur með Alzheimers sjúkdóm verður meira vakandi og órólegur að kvöldlagi er gott ráð að reyna að tryggja að hann fái næga hreyfingu að deginum. |
| Rétt | Rangt | 8.  | Í sjaldgæfum tilvikum hefur fólk læknað af Alzheimers sjúkdómi.  |
| Rétt | Rangt | 9.  | Fólk með Alzheimers sjúkdóm sem ekki er kominn á alvarlegt stig, getur haft gagn af sálfræðilegri meðferð við þunglyndi og kvíða.                            |
| Rétt | Rangt | 10. | Ef erfiðleikar með minni og ruglingsleg hugsun koma skyndilega í ljós er líklegt að það sé vegna Alzheimers sjúkdóms.  |
| Rétt | Rangt | 11. | Flestir þeirra sem hafa Alzheimers sjúkdóm búa á hjúkrunarheimilum.  |
| Rétt | Rangt | 12. | Léleg næring getur gert einkenni Alzheimers sjúkdómsins verri.   |
| Rétt | Rangt | 13. | Fólk á fertugsaldri getur fengið Alzheimers sjúkdóm.   |
| Rétt | Rangt | 14. | Einstaklingur með Alzheimers sjúkdóm er líklegri til að detta eftir því sem sjúkdómurinn versnar.  |
| Rétt | Rangt | 15. | Þegar fólk með Alzheimers sjúkdóm endurtekur sömu spurninguna eða söguna aftur og aftur er hjálplegt að minna á að það endurtaki sig.                        |

Rétt	Rangt	16. Þegar fólk er komið með Alzheimers sjúkdóm er það ekki lengur fært um að taka upplýstar ákvarðanir um eigin umönnun.
Rétt	Rangt	17. Einstaklingur með Alzheimers sjúkdóm mun að lokum þurfa eftirlit allan sólarhringinn.
Rétt	Rangt	18. Hátt kólsteról getur aukið áhættu fólks á að þróa með sér Alzheimers sjúkdóm.
Rétt	Rangt	19. Skjálfti eða titringur í höndum eða handleggjum er algengt einkenni hjá fólki með Alzheimers sjúkdóm.
Rétt	Rangt	20. Hægt er að ruglast á einkennum alvarlegs þunglyndis og einkennum Alzheimers sjúkdóms.
Rétt	Rangt	21. Alzheimers sjúkdómur er ein tegund heilabilunar.
Rétt	Rangt	22. Erfiðleikar við að sýsla með peninga eða borga reikninga er algengt snemmkomið einkenni Alzheimers sjúkdómsins.
Rétt	Rangt	23. Eitt af þeim einkennum sem getur komið fram í Alzheimers sjúkdómnum er að halda að aðrir steli frá manni.
Rétt	Rangt	24. Hjá einstaklingi með Alzheimers sjúkdóm getur notkun minnismiða verið hjálpartæki sem stuðlar að hrörnun.
Rétt	Rangt	25. Til eru lyfseðilsskyld lyf sem koma í veg fyrir Alzheimers sjúkdóm.
Rétt	Rangt	26. Hár blóðþrýstingur getur aukið áhættu fólks á að fá Alzheimers sjúkdóm.
Rétt	Rangt	27. Erfðir skýra þróun Alzheimers sjúkdóminn einungis að hluta.
Rétt	Rangt	28. Það er öruggt fyrir fólk með Alzheimers sjúkdóm að aka bíl, svo lengi sem það hefur alltaf fylgdarmann í bílnum.
Rétt	Rangt	29. Alzheimers sjúkdómurinn er ólæknandi.
Rétt	Rangt	30. Flest fólk með Alzheimers sjúkdóm man nýliðna atburði betur en atburði sem gerðust í fortíðinni.

*María K. Jónsdóttir þýddi með leyfi höfunda (2011).*